

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Stefanía Helga Ásmundsdóttir
Dags. 4.nóvember 2020
Mnr. 2019050091



ÍSAFJARÐARBÆR

Sæfari siglingaklúbbur

Lagt fram minnisblað sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs að beiðni bæjarstjóra um starfssemi Sæfara siglingaklúbbs á Suðurtanga 2, Ísafirði.

Sæfari siglingaklúbbur er mikilvægur þáttur í samfélagi Ísafjarðarbæjar og hefur meðal annars boðið reglulega upp á námskeið fyrir börn og fullorðna. Barna og unglínganámskeið þeirra hefur verið vinsælt meðal ungmenna í Ísfjarðarbæ og oft komast færri að en vilja. Aðstaðan fyrir ungmennin er ekki ásættanleg eins og hún er í dag en hægt er að bæta aðstöðu þeirra með litlum tilkostnaði og aðgang að öllu húsnæðinu. Mikilvægt er farið sé eftir öllum öryggisstöðlum þegar námskeið eru haldin.

Meðlimir Sæfara taka einnig að sér námskeiðahald fyrir aðra aldurshópa. Námskeiðin eru ekki haldin reglulega en meðlimir eru alltaf boðnir og búnir að bregðast við fyrirspurnum um námskeið og halda þau á misjöfnum tímum.

Innkoma í Sæfara er ekki regluleg eins og sjá má á ársreikningum þeirra. Félagsgjöld 5.000,- eru ekki rukkuð á hverju ári. Það eru samt sem áður góður fjöldi fólks sem nýtir sér aðstöðu sem boðið er upp á í Suðurtanga 2. Félagsmenn sem nýta sér frekari aðstöðu, skáp, aðgang að WC og sturtu ásamt geymslu fyrir bátinn sinn greiða til eiganda hússins 3.500,- á mánuði og auka 500,- fyrir geymslu á bátnum sínum.

Suðurtangi 2 er vel staðsett fyrir sjóíþróttir en þó er ljóst að endurbætur, endurskipulagning þarf að eiga sér stað til þess að styrkja starfið enn frekar.

Með því að styrkja stöðu Sæfara eflist Ísafjarðarbæ enn frekar sem Heilsueflandi samfélag.

SÁ